

329. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FÖSTUDAGINN 24. SEPTEMBER 2021 KL 11:25
haldinn í gegnum fjarfundabúnað, *zoom*

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Niðurlagning Kirkjumiðstöðvarinnar Vestmannsvatni

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands setti fund kl. 11:25.

Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir. Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundabúnað, *zoom*.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, sem ritaði fundargerð.

2. NIÐURLAGNING KIRKJUMIÐSTÖÐVARINNAR VESTMANNNSVATNI

Á 326. fundi kirkjuráðs, 3. júní sl., samþykkti kirkjuráð að ferli við skil landsins til landeiganda yrði hafið. Frá fundinum hafa Arna og Stefán, kirkjuráðsfólk, ásamt framkvæmdastjóra kirkjuráðs og lögfræðingi fasteignasviðs fundað með stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar og landeigendum. Jafnframt hefur farið fram héraðsfundur í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, þar sem fulltrúum kirkjuráðs var veitt umboð til að ganga til samninga við leigutaka og landeigendur við Vestmannsvatn, um að skila landi og afhenda eignir Kirkjumiðstöðvarinnar í samræmi við ákvæði skipulagskrár hennar. Samkvæmt skilmálum skipulagskrárinnar er ekki hægt að breyta skipulagskránni og þ.m.t. leggja sjálfseignarstofnunina niður, nema með samþykki kirkjuráðs og héraðsfundar Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis og með staðfestingu kirkjupings.

□ Kirkjuráð samþykkti að sjálfseignarstofnunin yrði lögð niður og mun óska staðfestingar kirkjupings á þinginu sem haldið verður 23. október nk.

5. ÖNNUR MÁL

Ekkert undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 11:30.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn fimmtudaginn 7. október nk.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir